



Reykjanesbær, 13. september 2023

Tillaga – Undirbúningur nýs grunnskóla á Ásbrú

Mikilvægt er að gefa góðan tíma og vanda vel til undirbúnings þegar hefja á undirbúning byggingar nýs skóla. Við undirbúning byggingar Stapaskóla var til að mynda skipaður fjölmennur starfshópur hinna ýmsu hagsmunaaðila sem vann skipulega eftir aðferð sem kallast hefur á íslensku *Frá hinu almenna til hins sérstæða*. Aðferðin sem nefnist *Design Down Process* á ensku var mótuð af skólamönnum og arkitektum í Minnesota í Bandaríkjunum fyrir rúmum tveimur áratugum.

Tilgangurinn er að fá fram sem flestar og fjölbreyttastar hugmyndir um skóla og skólastarf og tengsl skólans við nánasta umhverfi sitt. Að ákveða hvernig skóla við viljum fá áður en farið er af stað og hafa skóla- og grenndarsamfélagið með í ráðum.

Aðferðin eða undirbúningsferlið felst í því að breiður hópur fólks kemur að því að móta hugmyndir um skólann, bæði innra starf hans og ytri umgjörð. Í fyrstu fjallar hópurinn almennt um umhverfi skólans en nálgast síðan skólann sjálfan, innra starf hans og útlit, skref fyrir skref. Leitast er við að tengja saman í eina samfellda heild skipulag skólastarfsins, hönnun byggingar og þátttöku grenndarsamfélagsins í námi nemenda. Því er í raun verið að hanna samfélag en ekki eingöngu skólabyggingu og horft á heildarsamhengið, samhliða því sem reynt er að horfa fram í tímann. Undirbúningsferlið samanstendur af 10-12 skrefum þar sem hvert skref byggir á þeim skrefum sem komin eru á undan.

Lagt er til að sviðsstjóri menntasviðs fái heimild til að skipa undirbúningshóp vegna nýs grunnskóla á Ásbrú sem taki til starfa í byrjun október 2023 og skili skýrslu í mars 2024.

*Viðingarfyllst,
Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs*